

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2015.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar
(FSigurj, PHB, WÞÞ, LínS, UBK, VilB).

1. Við 4. gr.
 - a. Í stað orðanna „á árunum 2015–2018“ í 1. efnismásl. komi: frá 1. júlí 2015 til 31. desember 2018.
 - b. Í stað orðanna „á árinu 2015“ í 1. tölul. komi: frá 1. júlí 2015 til 31. desember 2015.
2. H-liður 8. gr. orðist svo: Í stað „0,010%“, „1.200.000 kr.“, „1.930.000 kr.“, „3.370.000 kr.“, „6.260.000 kr.“ og „7.260.000 kr.“ í 9. tölul. kemur: 0,0097%; 1.250.000 kr.; 2.050.000 kr.; 3.580.000 kr.; 6.650.000 kr.; og: 7.710.000 kr.
3. Við 26. gr.
 - a. Á eftir tollskrárnúmerinu 8519.5000 komi fjögur ný tollskrárnúmer, svohljóðandi:

8519.8110	8 kr./kg
8519.8190	8 kr./kg
8519.8910	8 kr./kg
8519.8990	8 kr./kg
 - b. Á eftir tollskrárnúmerinu 8521.9022 komi eitt nýtt tollskrárnúmer, svohljóðandi:

8521.9023	8 kr./kg
-----------	----------
 - c. Á eftir tollskrárnúmerinu 8540.2000 komi þrjú ný tollskrárnúmer, svohljóðandi:

8543.1000	8 kr./kg
8543.2000	8 kr./kg
8543.3000	8 kr./kg
 - d. Á eftir tollskrárnúmerinu 8543.7001 komi tvö ný tollskrárnúmer, svohljóðandi:

8543.7002	8 kr./kg
8543.7003	72 kr./kg
 - e. Á eftir tollskrárnúmerinu 9006.5900 komi þrjú ný tollskrárnúmer, svohljóðandi:

9007.1000	8 kr./kg
9007.2001	8 kr./kg
9007.2009	8 kr./kg
 - f. Á eftir tollskrárnúmerinu 9007.9100 komi tvö ný tollskrárnúmer, svohljóðandi:

9007.9200	8 kr./kg
9008.5000	8 kr./kg
 - g. Tollskrárnúmerin 8519.8100, 8519.8900, 8528.7101, 8528.7201, 8528.7301, 9007.1100, 9007.1900 og 9008.3000 falli brott.

4. Á eftir 27. gr. komi þrjár nýir kaflar, XVII. kafli, **Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum**, með einni nýrri grein, 28. gr., XVIII. kafli, **Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum**, með einni nýrri grein, 29. gr., og XIX. kafli, **Breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjöld af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum**, með einni nýrri grein, 30. gr., svohljóðandi:
- a. (28. gr.)
Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði 122. gr. laganna skal fyrirkomulag gjalddaga aðflutningsgjalda, hjá aðilum sem njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum, vegna uppgjörstímabila á árinu 2015 vera sem hér segir:
1. Helmingi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 15. degi næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
 2. Helmingi af aðflutningsgjöldum á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 1. mgr. 122. gr., skal skila eigi síðar en á 5. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
- b. (29. gr.)
Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði VII. kafla og 7. mgr. 20. gr. er á gjalddaga virðisaukaskatts vegna uppgjörstímabila á árinu 2015, sbr. 1. mgr. 24. gr., heimilt að færa til innskatts á virðisaukaskattsskýrslu allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils þótt einungis hluta af gjaldföllnum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið skilað, sbr. ákvæði til bráðabirgða XII í tollalögum, nr. 88/2005.
- c. (30. gr.)
Í stað fjárhæðarinnar „1.000.000 kr.“ í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: 500.000 kr.
5. Við 28. gr.
- a. B-liður orðist svo: 3., 5.–7., 9., 11., 13.–14., 21.–22. og 28.–29. gr. öðlast þegar gildi.
 - b. C-liður orðist svo: Ákvæði 4. gr. öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við staðgreiðslu tryggingagjalds frá 1. júlí 2015 og álagningu ársins 2016.
 - c. D-liður orðist svo: 8., 10., 15., 19.–20., 23.–27. og 30. gr. öðlast gildi 1. janúar 2015.